

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á 377. fundi sínum 14. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vestri-Leirárgarða skv. ákvæðum 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæði skipulagstillögunnar er 92 ha innan jarðarinnar Vestri-Leirárgarða. Samkvæmt breytingartillögunni eru byggingarreitir íbúðarhúsa og reiðhollar felldir út, auk þess sem ekki er gert ráð fyrir nýjum reiðvelli og kvöð um gegnumakstur um jörð Vestri-Leirárgarða felld út. Gerð er leiðrétting á skipulagsmörkum frá því sem er í gildandi deiliskipulagi, milli Vestri-Leirárgarða og Eystri-Leirárgarða.

Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við landnotkun aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarsveit, 3. apríl 2024.*

**Jökull Helgason** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2024